

Stöð

Skálar í Stöð á Stöðvarfirði
Skýrsla VI



Forsíðumyndin sýnir fólk við vinnu í yngri skálanum. (Horft mót VSV. Stafrænar myndir nr. 256. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2021

Inngangur

Fimmta sumar rannsókna í Stöð í Stöðvarfirði hófst þann 2. júní síðastliðinn. Veður var kallt framan af, en hlýnaði svo smátt og smátt. Til leiks mættu, auk undirritaðs, fornleifafraeðingarnir Ármann Dan Árnason (1/2 mánuður), Kristján Mímisson, Sigurður Snæbjörn Stefánsson, Svavar Níelsson og BA nemarnir Almar Guðjónsson, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Arthur Farestsveit og Anna S. Ingólfssdóttir. Einnig var Þorgeir Eriksón við uppgröftinn allan. Um miðbik uppgrafatarins komu þeir Júlíus Ó. Einarsson og Jón Kári Jónsson og tóku þátt í þrjá daga. Aðrir einstaklingar, sem hafa verið með áður, komust ekki vegna Covit veirunnar.

Byrjað var á því að taka plast og torf ofan af svæðinu sem rannsakað hafði verið í fyrra og hreinsa svo svæðið frá austri til vesturs. Því næst tók við handvirkur uppgröftur.

Styrkir til rannsókna fengust frá Fornminjasjóði, Fjarðabyggð, Alcoa Fjarðarál, Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði, auk fjölda heimamanna, sem færðu okkur kökur og kaffi eins og venjulega.

Helstu markmið sumarsins voru að klára rannsóknina á Húsi 2 og leita mannvirkja austan og suðaustan við skálana. Annarsvegar að grafa í kringum prufuholu 3 frá 2017 og þar sem jarðsjá hafði gefið fyrirheit um að mannvirki kynnu að leynast austur af skálunum.

Stefnt var að því að ná í viðarkolasýni úr eldri skálanum (Húsi 3) til aldursgreininga en þau sýni sem tekin voru t.d. 2018 reyndust vera úr rekavið og því ónýt til aldursgreininga.

Um staðhætti og sögubrot er vísað til eldri skýrslna.



Mynd 1. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið og staðsetningu prufuhola. Prh. 1 og 2 voru ekki rannsakaðar nú. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 250. Ljós. BFE).

Fulltrúi heimamanna var Björgvin Valur Guðmundsson og eins og áður var hann okkur til halds og trausts við rannsóknirnar. Björgvin er í forsvari fyrir Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði og tók í raun allur hópurinn þátt á einn eða annan hátt, bæði með fjáröflun, tyrfingu, yfirbreiðslu og lánum á því sem þurfti til svo sem hjólbörum, dýnum, sængum, gröfu o.s.frv. Eins og fyrri sumur borðaði hópurinn hádegismat á Brekku og var það gjarnan hápunktur dagsins. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir afar ánægjuleg kynni og góðan hug. Það er ómetanlega dýrmætt að hafa slíka bakhjarla þegar rannsóknir sem þessar fara fram.




Mynd 2. Yfirlit yfir skálana þann 25. júní 2020. Sjá má dyr hægra megin á myndinni og eru þær mjórri í yngri skálanum, en hinar í þeim eldri. Langeldur sést á milli dyranna í miðjum skálanum. Dyr sem voru lengst til vinstri á yngri skálanum sjást ekki lengur. Megnið af steinum sem eru á gólfinu hægra megin í skálanum tilheyra nær örugglega eldri skálanum. Á mynd 9 sést meira af húsinu, t.d. hellur á gólfi. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 249, skorin. Ljós. BFE).

Rannsóknin

Fyrsta verkið var að hreinsa allt svæðið, nema vestasta hluta elsta hússins sem verður látið bíða þess að yngri skálinn verði fullrannsakaður. Allt gólfið í yngri skálanum var blautsigtað.

Viðarkolasýni úr mannvistarlögum voru tekin og aðeins eitt gjóskusýni. Úr Prh. D voru 10 DNA sýni tekin með tilheyrandi aðferð og send á Náttúruminjasafn Íslands til greiningar. Um haustið mætti svo danskur rannsóknarhópur til að taka enn fleiri DNA sýni og voru þau tekin rétt utan við dyrnar inn í yngri skálann og í Prh. 3.

Teknar voru stafrænar myndir og drónamyndir eftir því sem uppgreftinum leið fram. Voru drónamyndirnar notaðar til að teikna flatarteikningar eftir. Settir voru út gulir krossar með norðurpílu ofan á hæla í hnitakerfinu svo hægt væri að leiðrétta þá litlu bjögun sem fylgir drónamyndunum.



Mynd 3. Flatarteikning af yngri skálanum, Húsi 2. Ljósgræni liturinn sýnir „auka vegginn“ innan á upphaflega vegg hússins.

Húsin

Hús 2

Yngri skáli. Húsið er nú því sem næst fullrannsakað. Aðeins ytri útlínur veggja geta breyst lítillega héðan í frá, þ.e.s.s. við dyrnar og að norðanverðu. Því fylgir hér lokalýsing á skálanum með ákveðnum fyrirvara. Ýmsar upplýsingar eiga þó eftir að bætast við þegar veggir skálans verða fjarlægðir og sumar stærðir kunna að breytast við það.

Skálinn er 31,4 m langur og 8,50 m breiður um miðjuna utanvert. Að innanverður var hann 5,3 m breiður í fyrstunni og síðan 4,9 m eftir að fóðringu („auka vegg“) hafið verið bætt við innanverðan vegginn á köflum. Lengd skálans að innanverðu var um 29 m. Heildarbreidd veggja er nokkuð misjöfn vegna þess að víða er gamli veggur eldri skálans þar undir áfram hluti af nýja veggnum. Hefur eldri veggurinn verið sléttaður að ofan áður en yngri veggurinn var byggður beint ofan á þeim eldri á kafla. Ekkert áfokslag var á milli. Algeng breidd veggja var 1,2–1,6 m.

Veggirnir eru byggðir úr grjóti og torfi. Grjótið er aðeins við innri og ytri brún þar sem það sást og oftast ein röð, en gat farið í tvær til þrjár raðir á stöku stað að innanverðu. Mest áberandi voru hleðslurnar á innanverðum veggjunum um miðbik skálans og á utanverðri suðurhlíðinni.

Húsið er byggt í dálitlum halla og hefur upprunalegt yfirborð verið jafnað til að fá það nokkuð lárétt og hreinsað í burtu þannig að



Mynd 4. Yfirlit yfir skálana tvö. Neðst á myndinni eru steinar í gafli eldri skálans. Glansinn á myndinni stafar af mikilli rigningu skömmu áður en myndin var tekin. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 242. Ljós. BFE).

hliðarskipið að norðan hefur lent beint ofan á jökulruðningum undir yfirborðinu. Slík ráðstöfun er þekkt eins og t.d. á Snjáleifartóttum í Þjórsárdal (Stenberger 1943:108). Miðskipið hefur svo verið grafið ögn dýpra um miðhlutann og munaði þar um 10 sm.

Yfir húsinu voru tvö áberandi gjóskulög, annarsvegar Veiðivötn 1477 og hinsvegar Örafajökull 1362. Var húsið „mun“ eldra en bæði þessi lög.

Í miðjum veggnum var á einstaka stað kjarni úr möl (ísaldarruðningi). Ein skýringin á þessum kjarna gæti verið sú að með þessum hætti rann vatn úr veggnum niður úr honum ofan í urðina. Ekki þekkir höfundur dæmi um samskonar frágang (ef rétt er) á Íslandi. Einnig voru tvær áberandi hrúgur af grúsi í suðurveggnum og hugsanlega hafa þær komið til eftir að húsið var úr brúki, en mjög sambærileg hrúga lá ofan við gólfið í austurhlutanum. Undir hrúgunni yfir gólfinu var áfokslag sem sýnir að hrúgan var yngri en skálinn. Annar möguleiki er að þessar holur kunni að vera undirstöður undir girðingastaura. Þær hafa allavega ekkert að gera með skálann.

Ytra byrði norðurveggjarins var ekki með grjóti að utanverðu, eða þar sem veggurinn mætir jökulruðningnum.

Torfið er hlaðið úr þverstreng og sá strengur virðist ekki hafa verið skorinn í mýri. Að minsta kosti 2–3 lög af streng mátti sjá í veggnum. Með hluta langveggjana hefur verið hlaðinn mjór veggur innanvert á suður- og norðurvegg. Var hann 0,3 - 0,4 m breiður. Á suðurveggnum var hann mjög stuttur og settur utan á grjóthleðsluna svo hann snéri inn í húsið. Á norðurveggnum var hann eins þar sem hægt var að greina það. Á kafla vestarlega var þó ekki hægt að greina þetta, en lang líklegast að hann hafi verið eins (sjá mynd 3 og 7). Ekki er hægt að



Mynd 7. Hér má sjá *auka-vegginn* ofan á gólfi eldri skálans. Hægra megin við hann er eldri vegglinn yngri skálans. Tvö viðarkolasýni voru tekin á þessum stað úr gólfinu og bæði voru greind. Sjá má brýnisbút stingast út úr gólfinu til hægri. Myndin var tekin 2017. (Horft mót A. Stafrænar myndir nr. 56. Ljós. BFE).



Mynd 5. Langeldurinn grafinn fram. Hægra megin við hann er hola sem tilheyrir líklega eldri skálnaum og er langeldurinn grafinn inn í þá holu. (N er upp. Stafrænar myndir nr. 233. Ljós. BFE).



Mynd 6. Yfirlit yfir dyrnar inn í yngri skálann. Sjá má stoðarholu í torfveggnum ofan við dyrnar og hellur á gólfi dyranna og inn og út úr þeim. T.h. sést í stéttina utan við húsið. (N vísar til vinstri. Stafrænar myndir nr. 152. Ljós. BFE)

skýra þennan „*auka vegg*“, en hugsanlega hefur hann verið hlaðinn upp til að einangra húsið betur í tengslum við viðgerðir eða endurbætur. Það hefur gerst á seinni stigum skálans, því „*auka veggurinn*“ stóð ofan á sameiginlegum gólfum Húsa á kafla að sunnaverðu. Þessi „*auka veggur*“ er ekki úr streng, heldur kökkum eða hnausum og efnið hefur líklega verið tekið úr mýri.

Í þverstreng veggjanna voru tvö áberandi gjóskulög og voru sýni tekin úr þeim báðum. Greining leiddi í ljós að annað lagið (sýni 9) var blanda af þremur gjóskulögum frá fyrri hluta 9. aldar og hitt (sýni 10) var blanda af fimm gjóskulögum frá 9. öld, þar á meðal landnámslagið frá 871±2. Húsið er því byggt eftir árið 871±2, líklega ekki löngu síðar.

Setin í skálanum norðanverðum náðu yfir meiri hluta hússins, en eru þó talsvert lengra frá austurgaflinum en þeim vestari. Við báða gaflana tóna þau svolítið út. Breidd þeirra (dýpt) var á bilinu 1,60 – 1,70 m. Þau voru ekki meira en 10 sm hærri en miðskipið þar sem mest var.

Suður setið náði aðeins yfir miðhluta skálans.

Við vesturgaflinn voru nokkrar hellur á gólfi og óþekkt mannvirki í NA-horninu sem ekki var eldstæði, en það markaðist af steinum sem mynduðu einskonar kassa eða þró ofan á gólfinu. Líklega er þetta einhverskonar vinnusvæði með dyrum út til suðurs á bláhorni skálans.

Í SV-horni hússins var steinaröð á gólfinu sem myndaði hring sem líktist um margt sáfari, en var það ekki. Hugsanlega hefur hringurinn markað stæði fyrir tunnu.

Örþunnt mannvistarlag var ofan á setunum (0,5 - 2 sm) og var talsverður litamunur á lögunum í setunum að norðanverðu sín hvoru megin þar sem þil hefur skipt því niður í hólf nálægt miðjum skálanum. Hólfin markast af steinaröðum, m.a. áberandi langur stór steinn, sem sjá má í báðum setum í suður og norður. Þil þetta hefur náð þvert yfir skálann með dyrum í miðskipinu. Annað þil hefur að líkum legið rétt austan við langeldinn og vestan við dyrnar (sjá mynd 10).

Á skálanum voru allavega tvennar dyr út úr skálanum á sunnanverðri langhliðinni (á móti sjónum!). Þær vestari voru mjög nálægt vesturgaflinum en þær eystri nokkuð frá austurgaflinum (sjá mynd 6). Voru síðarnefndu dyrnar lagðar hellum á gólfi sem náðu út úr skálanum og tengdust stétt sem þar var. Breidd eystri dyranna (öndin) var 0,7–0,8 m á og lengd þeirra 1,83 m og hurð hefur líklega verið við báða enda (innri og ytri hurð). Í torveggnum við dyrnar að austanverðu, utarlega var stoðarhola í torfveggnum, 0,1 m í þvermál. Hún hlýtur að tengjast dyraumbúnaði við dyrnar.

Vestari dyrnar á skálanum voru dálítið breiðari eða um 1 m, en gætu hafa verið þrengri.

Stéttin lá með veggjum úr Húsi 2 sem sýnir að eldri veggur hefur staðið að hluta áfram eftir að Hús 2 var reist því stéttin tilheyrir skeiði yngri skálans og grjót hefur verið sett niður fyrir gömlu dyrnar í vegglinuna.

Langeldur fannst rétt vestur af eystri dyrunum (sjá mynd 5). Var hægt að fylgja niðurgreftri hans víðast hvar. Var hann 0,51 m breiður og 2,55 m langur. Markaðist hann af hellum á rönd (kista) að austan og stórum liggjandi hellum að vestan sem voru býsna eldsprungnar. Sömuleiðis voru steinar við brún langeldsins mjög morknir. Fáeina steina mætti kalla soðsteina.

Gólfið var mjög hefðbundið, fullt af viðarkolum, sóti, ösku, brenndum beinum og lífrænum leifum. Var það langþykkast í miðju miðskipinu og náði í raun frá gafl í gafl, en var þó afar þunnt á kafla í vesturhluta hússins, eða rétt um 1 sm. Þar sem það var þykkast í miðju húsi og við langeldinn var það allt að 5-7 sm þykkt. Gólfið í norðurhluta hússins var samofið gólfinu í eldri skálanum og ógerningur að skilja á milli. Hugsanlega hefur gólf eldri skálans verið hreinsað út þegar yngra húsið var byggt beint ofan á hinu gamla. Víða annarsstaðar í húsinu var þetta vandamál.

Hluti af miðskipi var hellulagt, einkum kafla vestan við langeldinn eins og sjá má á teikningu. Einnig var hellulögn í austasta rýminu þó slitrótt væri.

Engar öruggar stoðarholur eða stoðarsteinar úr Húsi 2 hafa fundist enn þar sem stoðir á milli skipanna hafa staðið og borið þakið. Líklega hafa stoðarsteinar verið ráðandi, steinar sem staðið hafa á mörkum miðskips og hliðarskipa, en þeir flotið í burtu á seinni stigum eyðingarinnar. Stoðir hafa staðið á milli seta og því hægt að áætla bilið á milli þeirra og telja stafgólfin. Það bíður næsta sumars. Innan við eystri dyrnar til austurs fundust fjórar pinnaholur, allar nálægt suðurveggnum.



Mynd 8. Horft ofan á hinn svonefnda steðja. Sjá má mörk holunnar hægra megin við hann og um steðjann allan. Lengst til hægri sést í langeld yngra hússins. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvoru húsinu steðjinn tilheyrir þó líklega sé það yngri skálanum. Holan verður rannsökuð frekar næsta sumars. (N vísar niður á myndinni. Stafrænar myndir nr. 235. Ljósm. BFE).




Mynd 9. Yfirlit yfir yngri skálann (Hús 2). Sjá má báðar dyrnar á suðurvegg skálans (rautt letur). Einnig má sjá hvar veggir Húss 6 voru rannsakaðir (hvítt letur). Á myndina vantar nokkrar hellur sem lágu inn af eystri dyrunum inn í skálann, en þegar hér var komið sögu var búið að fjarlægja þær. Stéttin utan við skálann er hér ekki fullrannsökuð til austurs. Á mynd 2 sést skálinn á lokastigi rannsókna síðastliðið sumar. (N vísare upp. Stafrænar myndir nr. 199. Ljós. BFE).

Austurhluti skálans sker sig dálítið úr öðrum hlutum hans. Lítil sem enginn hæðarmunur er á hliðar- og miðskipum hans. Fundaflóran er einnig frábrugðin og þar t.d. mikið á skífum úr steini, en 32 af 75 skífum sem hingað til hafa fundist, fundust í þessu rými. 20 skífur til viðbótar fundust austan við Y205 línuna, þ.e.a.s. í austurhluta hússins. Fjórar fundust á stéttinni og fimm voru lausafundir. Sumar skífurnar geta þó tilheyrt Húsi 3, eldri skálanum. Af 31 snældusnúðum sem fundist hafa fram að þessu fundust 22 í austasta rými skálans. Þrjár til viðbótar fundust austan við Y205 línuna, einn fannst við stéttina, einn var lausafundur og einn fannst við vélavinnu í rýminu. Sumir snældusnúðar geta tilheyrt Húsi 3. Af 11 kljásteynum fundust 10 í austurhluta hússins og þar af sjö í austasta rýminu.

Báðir skutlarnir sem fundist hafa í Stöð fundust í þessu rými.

Vestast í austurrýminu var áberandi stór ávalur steinn með ummerkjum um notkun (höggför og slit). Ekki liggur enn alveg fyrir hvoru húsinu þessi steinn tilheyrir, en hann er ofan á niðurgrafinni holu sem örugglega tilheyrir eldri skálanum. Er steinninn túlkaður sem fiskasteinn og/eða steðji. Stærð hans var 0,32x0,73 m (A–V) og hæðin um 0,3 m (óstaðfest). Sambærilegan stein þekkir höfundur aðeins frá Hólmi í Nesjum, en í yngri skála þar var stór steinn inni í húsinu (Bjarni F. Einarsson 2015:186). Hann var 0,3x0,45 m stór og 0,25 m hár. Á honum voru rákir sem gátu verið höggför. Steinninn í Hólmi var túlkaður sem steðji. Sunnan við þennan stein var annar flatur steinn sem getur hafa verið hluti af þessu mannvirki (sjá mynd 8).



Mynd 10. Tillaga að rýmisskiptingu yngri skálans í Stöð.

Rými þetta í yngri skálanum í Stöð er túlkað sem skemma, eða forvera skemmunnar eins og við þekkjum hana frá seinni tímum. Hús sem síðar stóðu við enda húsabyrpingar á miðöldum, en þannig þróuðust hús. Hvert hús varð afmarkað rými með torfveggjum og dyr á milli, oft út frá miðlægum göngum. Skemmur voru yfirleitt með dyrum beint út á hlaðið og ekki tengd við önnur hús með dyrum. Svipað rými og skemman í Stöð er í skálanum á Hofstöðum í Mývatnssveit (Lucas 2009).

Þegar komið er inn um dyrnar í yngri skálann er rými þetta á hægri hönd. Hefur líklega verið þil þvert á skálann til vinstri og hægri þegar inn var komið sem hefur aðskilið þennan hluta frá miðhlutanum. Með öðrum orðum hefur verið gangur á milli skemmunnar og aðalrýmis skálans við langeldinn. Ýmislegt bendir til þess að þetta austasta rými hafi verið vinnurými af einhverju tagi, tóvinna, smíðavinna, matarvinnsla og geymsla fyrir amboð og veiðarfæri m.a. Er þetta dæmigerð lýsing á skemmu. Enn á eftir að grafa hluta gólfsins. Steðjinn hefur ekki tengst járnsmíðum, því ekkert gjall fannst við hann. Steðjinn hefur verið notaður til að berja og merja ýmislegt á, beygja málma, styðja við o.s.frv.

Auk gjóskusýnanna sem þegar hafa verið nefnd voru 14 viðarkolasýni tekin víðsvegar úr húsinu og voru sannarlega úr því en ekki eldra húsinu. Öll voru þau sem greind voru úr birki eða víði. Eitt sýnanna var sent í C-14 greiningu (sýni 68) og var sýnið (birki) úr langeldi hússins og niðurstaðan 1190±30 BP. Nánar verður fjallað um niðurstöður C-14 greininga hér að neðan og skýringar á þessum háa aldri.

Þegar gjóskusýnin og viðarkolasýnin eru tekin saman og gripaflóran skoðuð er næsta víst að yngri skálinn er frá 9. öld og hefur hugsanlega lifað eitthvað fram á 10. öldina.

Eins og oft hefur komið fram í fyrri skýrslum er yngri skálinn meðal stærstu skála á Íslandi sem rannsakaðir hafa verið. Þeir tveir sem eru að einhverju leiti sambærilegir, Hrísrú í Mosfellsdal og Hofstaðir í Mývatnssveit. Skálinn í Stöð er mun ríkari en þeir báðir samanlagt, bæði að eðalmálmum, perlum, snældusnúðum o.fl. Skálarnir tveir eru báðir taldir

vera höfðingjabústaðir og þá hlýtur Stöð að vera það einnig og jafnvel öflugra höfðingjabýli en hinir. Frásögnin í Lanámabók er því athyglisverð þar sem segir að landnemi Stöðvarfjarðar hafi verið hofgoði frá Mæri í Noregi og hét Þórhaddur hinn gamli. Hvort sem landnámsmaðurinn hét Þórhaddur eða eitthvað annað er ljóst að ritari Landnámubókar hefur vitað af því að höfðingi hafi búið í Stöð. Hann gat hafa vitað það samkvæmt munnmælum eða að þá hafi rúst skálanna verið þekkt á meðal fólks og stærðir þeirra vakið athygli. Á það hefur verið bent að ritarar Landnámu og fleiri bóka hafi skrifað sögu sína út frá þekktum rústum og gefið þeim innihald og meiningu í landnámsferlinu (Ísl. Fornrit 1956:XXV). Eitt slíkt dæmi gætu Granastaðir í Eyjafjarðardal verið (Bjarni F. Einarsson 1989 og 1995), en það býli fór í eyði löngu áður en hinar rituðu heimildir komu til sögunnar. Granastaða er getið í einu handriti Reykdæla sögu (Íslendingasögur 1987:1746). Í öðru handriti sögunnar segir að bær sonar Helga hafi verið Arnarstaðir. (Brynjúlfur Jónsson 1907:20). Ritari sögunnar hefur þurft að finna einum sona Helga hins magra heimili og fann Granastaði. Annar ritari vissi ekki af rústunum og giskaði á annan bæ í sveitinni.

Skálanum má skipta niður í a.m.k. fjögur rými, ef ekki fimm. Vestast er lítið rými sem vestari dyrnar hafa leitt inn í. Í því voru engin set eða bekkir. Þá tekur við rými sem nær að miðjum skálanum þar sem steinaröð afmarkar það til austurs. Þá tekur aðalrými hússins við með langeldinum og því næst rýmið sem kallað hefur verið skemma. Hugsanlega hefur verið þil

sem afmarkaði mjótt svæði inn af eystri dyrunum (forveri gangsins?). Þetta þil er þó alsendis óvíst og ekkert sem bendir til þess, en af hagkvæmnis-ástæðum væri það góð lausn til að minnka hitatapið þegar dyrnar stóðu opnar.



Mynd 11. Hugsanlega langeldur í eldri skálanum. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 224. Ljós. BFE).



Mynd 12. Dyrnar inn í eldri skálanum. Sjá má stóra steina framan við dyrnar sem sýna að þeim hefur verið lokað þegar yngri skálinn hefur verið byggður eða þegar nýju dyrnar inn í yngri skálanum voru byggðar. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 239. Ljós. BFE).

Hús 3

Hús 3, eldri skáli, var lítið rannsakað nú, en þó var reynt að grafast fyrir um heildarlengd þess, en hún var um 43 m. Þegar rannsókn lauk á Húsi 2 voru komin mannvirki í ljós austast í skálanum og tilheyra þau nær örugglega eldri skálanum. Voru þetta m.a. holur tvær og gat sú vestari verið langeldur skálans (sjá mynd 8).

Skammt vestur af langeldinum í yngri skálanum eru aðrar vísbendingar um að langeldur í eldri skála sé þar að finna (sjá mynd 11). Er hann einnig rétt vestan megin við dyrnar inn í eldri skálann og telst líklegri að vera langeldur. Ekki er hægt að útiloka að tvær kynslóðir langelda sé í skálanum.

Holan sem er austast í skálanum (sjá mynd 13) er mjög vel afmörkuð, en hlutverk hennar er óþekkt að svo komnu máli.

Úr sameiginlegu gólfi skálanna voru tekin tvö viðarkolasýni úr birki/víði og bæði send í C-14 aldursgreiningu. Ekki var unnt að kveða úr um hvoru gólfinu sýnin tilheyra.

Þetta verður rannsakað frekar næsta sumar ef allt gengur eftir. Eins verður húsið teiknað þegar öll mörk þess eru þekkt, en í fyrri skýrslum hafa birst bráðabirgðamyndir af húsinu eins og það leit út þá.

Hús 6


Húsið kom í ljós þegar grafið var ofan af Húsi 2. Lá vesturveggur þess vel inn yfir gólfið í yngri skálanum að hrúgu af smáum steinum (grús, yngri en skálinn). Suðurveggurinn var horfin og hefur líklega verið ýtt í burtu þegar túnið var sléttað, því aldrei sást neitt af þeim vegg þegar við fórum niður úr áfokslögunum yfir gólfinu í Húsi 2. Húsið var nú grafið í burtu, en þó var sérstök rannsókn gerð á torfveggjum þess, vestur- og austurvegg með tilliti til torftækninnar sem notuðu var í vegginn. En loka lýsing hússins er því:



Mynd 13. Austasta holan í Húsi 3, eldri skálanum. Eins og sjá má er hún full af mold og gefur ekkert uppi um hlutverk sitt. Hugsanlega er grjótið hægra megin hluti af þessu mannvirki. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 253. Ljós. BFE).



Mynd 14. Yfirlitsmynd af Húsi 6. Í vesturvegginn upp við sniðið var flötur rannsakaður og sömuleiðis á austurveggnum, sjá næstu tvær myndir. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 2019-129. Ljós. BFE).



Mynd 15. Flatarteikning af Húsi 6 með viðbót (tilgátu).



Mynd 16 og 17. Hinn rannsakaði flötur á A-vegg Húss 6. Hæðarmunurinn er um 1 sm. Á báðum myndum má sjá að þverstrengurinn nær ekki alla leið þvert á vegginn, því á milli eru afskorningar og annað efni. Of lítið hæðarmunur er á torfunum til að greina hvort strengirnir skarist, hálfur í hálfann. Of lítið var eftir af honum til að fá þetta á hreint. Á mynd 17 og 18 er hægt að greina þetta. (Stafrænar myndir nr. 257 og 258. Ljós. BFE)



Mynd 18 og 19. Rannsakaðir flöturinn á A-vegg Húss 6. Hér er hæðarmunurinn um 3 sm. Þó ekki sé hægt að greina með vissu að strengirnir hafi skarast á þessum myndum, aðeins veikar vísbendingar. Þverstrengirnir eru ekki allir eins breiðir og þá munu þeir skarast að sjálfu sér. Þá má sjá á mynd 17 a.m.k. tveir efstu þverstrengirnir ná yfir allan vegginn þveran. Á mynd 18 sést að þverstrengurinn er ekki heill, heldur hafa stuttir þverstrengir verið lagðir í framhaldi af hvorum öðrum svo þeir nái yfir allan vegginn þveran og ekkert efni á milli. (Stafrænar myndir nr. 267 og 272. Ljós. BFE).

Hús 6 var úr hreinum torfveggjum með dyrum mót austri í NA-horni hússins. Stærð þess hefur líklega verið 6,3x6,6 m (A–V). Flatarmál hússins innanvert hefur verið nálægt 14,8 m². Veggirnir eru byggðir í þverstreng með kjarna úr afskurðum og einstaka streng sem nær þvert yfir allan vegginn. Breidd veggjanna var um 1,3 m. Í strengjunum var áberandi ljóst gjóskulag, sem getur ekki verið Örfajökull 1362 sem lá yfir húsinu. Þá koma aðeins Hekla 1104 og Hekla 1158 til greina. Húsið er því frá miðöldum, nær 1104/1158 en 1362.

Í vesturvegg var grafinn 1x1,3 m stór flötur upp við norðursnið rannsóknarsvæðisins. Jafn stór flötur var grafinn í austurvegginn. Var grafið niður um 1 sm í hverri umferð og ljósmyndað í hvert eitt sinn (sjá mynd 18 og 19). Tilgangurinn var að skoða uppbyggingu veggjanna. Í ljós kom að flestir þverstrengirnir náðu ekki þvert yfir allan vegginn og var fylling á milli í miðju veggjanna. Sumir strengir náðu þó alla leið. Eins sást að

strengirnir lágu yfir samskeytum í röðinni undir. Ekki var þetta þó reglulegt enda voru þverstrengirnir mis breiðir. Þessi lausn kann að vera mjög meðvituð aðferð við að halda raka frá húsinu sjálfu, en þar sem tvær torfur mætast er veikleiki og vatn leitar upp veikleika í veggjum og breiðir sér út í þeim. Hlýjan í húsinu hefur svo myndað yfirþrýsting þar og beint vatninu út úr veggjunum að utanverðu. Í húsum sem eru hituð upp, eins og vistarverur fólks og skepnuhús, er þessi aðferð enn skilvirkari. Þessi lausn minnir á hús úr hellugrjóti á Bretlandseyjum, svokölluð borghlaðin hús. Þar hallar hellunum aðeins niður að utanverðu þannig að vatn sem fer inn í veggina lekur út úr húsinu, ekki inn í það. Vísbendingar um slíka lausn þykist höfundur hafa séð í íslenskum fiskbyrgjum og í fjárborgum. Ekki var hægt að sýna fram á að torfurnar í veggnum hafi hallað út.

Ekkert öruggt gólf fannst í húsinu og í því var ekkert eldstæði né önnur mannvirki. Í húsinu fannst aðeins einn óunninn vikursteinn (Fnr. 124), 159,8 g að þyngd. Vikur var t.d. notaður til að verka skinn og því gæti slík starfsemi hafa átt sér stað í húsinu, starfsemi sem ekki skilur eftir sig gólf sem varðveitist. Húsið hefur nú verið fjarlægð að mestu leiti.

Prufuholur

Prh. A:1-2

Jarðsjármælingar gáfu tilefni til þess að kanna svæði suður af skálunum en það var á lágum hrygg sem lá niður hlíðina. Grafnar voru tvær prufuholur, báðar 1x2 m stórar. Ekkert fannst í holunum og því ljóst að jarðsjáin sá eitthvað annað en mannvirki.

Prh. 3


Prufuhola 3 var fyrst grafin árið 2017 og þá var komið niður á mannvistarlag. Nú var ákveðið að grafa suður- og norður úr holunni og svo til austurs til að fá einhverja mynd af umfangi mannvistarlagsins. Fyrst var grafinn 1x6 m langur skurður suður úr prufuholunni og svo 2,5 m norður úr henni. Til austurs, norðan við upprunalegu holuna var grafinn 1x5 m langur skurður. Mannvistarlagið þyntist eftir því sem sunnar dró, en varð öflugra eftir því sem norðar fór. Eins var mjög öflugt mannvistarlag í skurðinum til austurs og var um 0,6 m niður á það. Lagið var kolsvart og



Mynd 20. Yfirlit yfir hluta Prh. 3. Nokkur munur var á svarta laginu á miðri mynd og laginu ofan við það. Hugsanlega er þetta niðurgrafin hola. (Horft mót A. Stafrænar myndir nr. 191. Ljósmynd BFE).

mjög ríkulegt af viðarkolum. Var lagið um 2 m í þvermál þar sem hægt var að mæla það. Undir því var annað mannvistarlag og í því voru auk viðarkola, talsvert magn af brenndum beinum. Þetta svæði þarf að rannsaka frekar.

Í prufuholunni fundust einn tinnumoli, brennd bein sem safnað var saman (10 brot), átta brot úr jaspis og glerhalli og einn járnsmoli. Þessir gripir gefa ekkert uppi um það hvers kyns mannvirki þetta er, en molarnir úr steini gefa til kynna að mannvistarlagið tilheyrir öðrum hvorum skálanum.

Fjögur viðarkolasýni voru tekin úr prufuholunni. Öll voru þau greind sem birki eða birki/víðir. Ekkert var sent áfram til C-14 greiningar að svo stöddu. 

Prh. B


Prufuhola B var grafin þar sem sjónræn greining á yfirborði gaf góð fyrirheit um að mannvirki kynnu að leynast undir grasrótinni. Var holan 1x7 m stór og 0,26–0,34 m undir yfirborði í norðursniði var komið niður á torfvegg sem var 1,44–1,99 m breiður. Veggurinn var greinilega útflattur.


Vestan við vegginn var talsvert af brenndum steinum, viðarkolum og sóti. Austan við vegginn var mannvistarlag sem gæti verið gólf sem þó virtist ekki ná að endimörkum skurðarins til austurs, en mannvistarlag gerði það þó.

Gólfið var lagskipt með ljósum millilögum með mjög mikið af brenndum beinum. Hugsanlega hefur skurðurinn legið um dyr í húsi, því veggurinn sást ekki í suðursniðinu, en gólfið virtist halda áfram til vesturs.

Í húsinu voru 18 fundanúmer skráð. Voru það 18 brot úr glerhalli og jaspis, sjö járngripir, þar á meðal fjórir naglar og hugsnlegur síll og nál, fjögur brennd bein, einn unninn steinn úr rauðum sandsteini, þrjú brýni og þar af eitt líklega ungt og að lokum tvær perlur. Var önnur tvöföld með gullhúð og hin gul, báðar úr gleri.

Eitt viðarkolasýni var tekið og reyndist það vera úr birki. Var það ekki sent í C-14 greiningu. Fundaflóran sýnir að mannvirki þetta tilheyrir öðrum hvorum skálanum í Stöð.

Niðurstaðan er sú að hér sé hús sem gefur góð fyrirheit um frekari rannsókn. 




Mynd 21. Yfirlit yfir Prh. B. Mjög líklega er þarna hús frá 9.-10. öld. (N vísar upp. Stafrænar myndir nr. 211. Ljósmynd BFE).

Prh. C

Prufuhola C var grafinn framman við dyrnar á skálunum til þess að freista þess að finna öskuhaug skálann. Byrjað var á því að grafa 1x1 m stóra holu, en þegar yfir lauk var hún 1x3 m stór (N–S) og í norðurenda hennar var komið niður á mannvistarlag sem ber öll merki þess að vera öskuhaugur. Í holunni fannst einn járn-nagli, eitt meint tinnubrot og geisla-stein.



Mynd 22. Prh. D. Sjá má hringlaga holu sem fódruð er innan með gulu lagi (líklega gjóska). Úr þessari holu voru tekin 10 DNA sýni. (Horft mót A. Stafrænar myndir nr. 247. Ljós. BFE).

Engin sýni voru tekin úr prufuholunni og ekki ljóst hvorum skálunum mannvistarlagið tilheyrir að svo stöddu. 

Prh. D

Prufuholan var tekin skammt austur af Prh. B og var stærð hennar 2x2 m. Í henni miðri fannst hringlaga hola sem virtist fódruð með gulu efni (gjóska). Er hún túlkuð sem soðhola í skorti á annarri betri túlkun. Í prufuholunni fundust þrjár gripir, glerhallur, jaspis og skífa. Skífan var í sjálfri holunni.

Úr hinni svokölluðu soðholu var tekið eitt viðarkolasýni sem reyndist vera úr birki. Síðan voru tekin 10 DNA sýni úr fyllingunni í soðholunni og þau send áfram á Náttúruminjasafn Íslands til DNA greiningar, en tilgátan um hlutverk soðholunnar er að hún kunnist tengjast lýsisvinnslu.

Tegund	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Annarsstaðar	Samtals
Perlur	124	4	11	11	150
Silfurmynt	7	0	2		9
Skífur	61	4	4	7	76
Hnífar	15	1	1	1	18
Steinar með gati	4			2	6
Unnir Steinar	20		2	1	23
Met (blý)	2 (3?)	1		1	4 (5?)
Snældusnúðar	22		7	2	31
Borsnúður	1				1
Brýni	69	2	4	8	83
Kljásteinar	10		1		11
Aflsteinn		1			1
Töflur	1		1	1	3

Tafla 1 yfir gripategundir í einstökum húsum. Þegar brot passa saman eru þau talin sem ein gripur. Breytingar hafa orðið frá fyrri skýrslum þar sem perlur hafa verið færðar úr sí 3 í Hús 2. Þetta kann að breytast aftur síðar meir. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum og efnisflokkum. Undir Unnir steinar eru tveir hugsanlega töflur og þá verða þær fimm.

Gripir

Sumarið 2020 voru 432 fundanúmer skráð, sem er talsverð fækkun frá síðasta sumri. Enn sem fyrr voru það gripir úr steinum sem voru áberandi í fundaflórunni. Áður hefur verið fjallað um skífur sem fjölgaði nú um 24 stykki og eru því orðnar 76 talsins, en þá er skífa með pári ekki reiknuð með eins og síðar greinir. Einu skífurnar sem höfundur þekkir erlendis að svo stöddu eru frá Írlandi og eru frá miðöldum. Þær eru þar túlkaðar sem töflur í spili með talsverðri óvissu. Skífurnar frá Stöð eru eftir sem áður túlkaðar sem tappar í skinnsekki eða poka. Stefnt er að því að greina yfirborð skífa með tilliti til DNA og freista þess að finna þar leifar af lýsi eða öðrum vökva sem kann að hafa verið í sekkjunum (mjólk, blóð, hland, mjöður, lýsi). Ofangreind skífa með pári eða kroti líkist skífunum að vissu leiti (mynd 22). Minnir krotið einna helst á smækkaða útgáfu af mylluspili. Steinninn er ekki klappaður til, heldur lábarinn úr rauðum íslenskum sandsteini. Hann gæti tengst slíku mylluspili, en hinn mikli fjöldi skífa getur ekki hafa tengst spilum, þó ekki væri nema fyrir fjöldann, en einnig er ummál þeirra mjög mismunandi allt frá 2,59–2,77 til 8,81 sm (aðeins þær frá síðasta sumri hafa verið mældar, en til eru stærri). Hinn krotaði steinn var 3,95–4,75 sm í þvermál og 28 g á þyngd. Sex aðrar töflur hafa áður fundist, en aðeins ein þeirra telst örugg. Allar eru þær úr rauðum sandsteini.

Fjallað var um aðrar íslenskar skífur í síðustu skýrslu.

Áhugaverðustu gripirnir sem fundust síðastliðið sumar, fyrir utan perlur, skífur, glerhall og jaspis, eru að nú fjölgaði snældusnúðum og kljásteynum umtalsvert og hafa snældusnúðar ekki fundist í sama magni annarsstaðar á



Mynd 23. Unninn steinn sem mjög líklega er tafla úr myllu. Sjá má párið á annarri hliðinni. Fannst við N-vegginn ofan við langeldinn. (Fnr. 209. Ljós. BFE).



Mynd 24. Snældusnúður úr íslenskum rauðum sandsteini, 4,2–4,3 sm í þvermál og 35,8 g. Fannst í austasta rýminu, austan við dyrnar. A-gerð skv. Öye 1988. (Fnr. 103. Ljós. BFE).



Mynd 25. Minnsti snældusnúðurinn í Stöð, aðeins 4,7 g og 2,1 sm í þvermál. Fannst eftir að rannsóknnum lauk 2019 og telst vera lausafundur þó hann komi nær örugglega úr yngri skálanum. Blendingur af E- og F-gerð (Fnr. 568. Ljós. BFE).

Efni	2015-16	2017	2018	2019	2020	Samtals	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Annarstaðar	Prh
Bein	2 (fuglab.?)	18	6	9	30	65	40	10	2	1	Prh. 3=7. Prh. B=4
Blý	1	2	3	5	5	16	12	2		2	
Brons	1	1	3	1	1	7	1	3	1	1	
Geislasteinn	1	3	0	5	2	11	4		1	1	
Gjall	20	4	7	1	1	33	7	4	16	6	
Gler	6	14	15	39	44	118	95	2	7	12	Prh. B=2
Glerhallur	29	65	17	Um 150	Um 110	Um 370	-	-	-	-	-
Hrafninna				3		3	3				
Jaspis	17	63	25	Um 120	Um 170	Um 400	-	-	-	-	-
Járn	85	104	80	Um 220	Um 175	Um 665	-	-	-	-	-
Kléberg	21	3	5	12	3	44	35	6	1	2	
Kopar	0	1	0	0	0	1	1				
Látún	0	0	0	0	0	0					
Leður	0	0	1	0	0	1				1	
Leir	0	2	0	0	0	2					
Ópall	2	0	0	0	0	2			2		
Sandsteinn	3	1	0	2	29	35	19	2	7		Prh. B=1
Gull	0	0	1	0	0	1					
Silfur	3	6	8	8	6	31	27		3		1
Skel		1	0	2		3	1				
Steinn	14	9	10	82	27	142	112	6	13	10	Prh. D=1.
Textill	0	0	0	0	0	0					
Tinna	2	8	9	21	15	55	44		2	7	Prh. 2=1. Prh. 3=1
Tré	0	0	1	0	0	1				1	
Ull	0	0	0	0	0	0					
Annað	1	1	0	0	0	2	2				

Tafla 2 yfir efnisflokka sem fundist hafa fram að þessu. Ef gripur fannst í brotum svo að öruggt væri telst hann vera einn. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða. Þessar tölur hafa breyst frá fyrri árum og kunna að breytast frekar þegar farið verður nánar í fundaskrárnar/gripina. Viðurinn frá 2016 voru lítilfjörlegar leifar á nagla sem ekki var hægt að bjarga. Tveir glergripanna eru úr seinni tíma lögum. Ein svört perla fannst í tveimur brotum á sín hvorum staðnum eru taldar tvær þó þær passi saman (nr. 322 og 2020-19).

Íslandi frá landnámsöld svo að höfundur viti, eða 31 stykki. Allir eru snúðarnir frá Stöð keimlíkir og falla lang flestir undir týpu A samkvæmt flokkun Öye 1988 sem ekki er hægt að aldursgreina með neinni vissu. A-týpan er lang algengasta týpan hér á landi (Ármann Dan Árnason 2015:34). Sjö þessara snúða eru úr klébergi og fjórir þeirra heilir. Kléberg er algengasta einstaka steintegundin sem notuð var í snældusnúða hér á landi á landnámsöld (sami 2015:32). Snældusnúðar úr íslensku bergi (sandsteini, móbergi, basalti o. fl. bergtegundum) eru þó fleiri samtals á Íslandi en snúðar úr klébergi. Í Stöð voru íslensku steinarnir mun fleiri en þeir erlendu eða samtals 25, gjarnan úr rauðum sandsteini (sjá t.d. mynd 24, 25 og 33). Fjórir snúðanna eru undir 8 g að þyngd, allir heilir. Eru þeir með minnstu

snúðum sem fundist hafa á landinu. Sá léttasti frá Stöð er 4,7 g og hinir 5,2 g, 7,3 g og 7,9. Slíkir snúðar voru notaðir til að spinna mjög fínan vef og dýrari (lúxúsvarning). Léttasti snældusnúður sem höfundi er kunnugt um, aðrir en þessir frá Stöð, er snúður frá Sveigakoti í Mývatnssveit, en hann er 6,5 g (Ármann Dan Árnason 2015:26), snúður frá Hofstöðum í sömu sveit, en hann er 8,7 g (sami 2015:22) og svo snúður frá Ísleifsstöðum í Borgarfirði, en hann var 15.1 g (sami 2015:24).

Snúðar sem eru yfir 50 g eru stundum taldir vera borsnúðar (eng. *drill-stone*) (Öye 1988:37–38). Fjórir svo þungir snúðar hafa fundist á Stöð fram að þessu. Einn gripur sem líkist mjög snældusnúð sker sig mjög úr hvað þyngdina varðar. Er hann heil 258,9 g að þyngd og er því ekki talinn með snældusnúðum hér (var það fram að þessu), heldur sem borsnúður. Borsnúðurinn fannst í yngri skálanum og er sennilega úr klébergi.

Nánar verður unnið úr snældusnúðum þegar rannsókn á yngri skálanum er endanlega lokið.

Fjöldi kljástaina er nú orðinn 11 stykki og sjö þeirra fundust í austurhlutanum og enginn vestan við Y 200 línuna, þ.e.a.s. í vesturhelmingi hússins. Einn kljástainanna var annaðhvort úr Húsi 2 eða 3 þó líklega hafi hann verið úr yngra húsinu. Í síðustu skýrslu var fjöldi kljástaina borinn saman við Hofstaði og Hrísrú, en þar var fjöldinn 16 á Hofstöðum og 12 í Hrísrú.

Fjöldi gripa úr klébergi hefur stigið hægt og rólega á meðan á rannsóknum hefur staðið og nú eru þeir orðnir 44 talsins og það er afar mikið á Íslenskan mælikvarða. Í Hvítárholti í Hrunamannahreppi fundusttæplega 40 brot úr klébergi, en þar voru 10 hús rannsökuð og þar á meðal þrjár skálar. (Þór Magnússon 1973:66 og áfram). Í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum fundust um 20 brot úr klébergi, en þar voru sjö hús



Mynd 26. Klébergssnúður frá Stöð sem fannst við langeldinn. Hann var 51,4 g og 3,7–3,95 sm breiður. A-gerð (Fnr. 398. Ljós. BFE).



Mynd 27. Brot út stórrí grýtu sem unnið hefur verið með. Sjá má hvar sargað hefur verið í brotið á tveimur stöðum. Gripurinn fannst í langeldinum. Brotið er 96,8 g og um 12 sm langur (Fnr. 196. Ljós. BFE).

rannsókuð og þar á meðal þrjár skálar. (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989).

Á Hofstöðum við Mývatn fundust sjö klébergsbrot, þar af sex snældusnúðar (Gavin Lucas 2009:298) og í Hrísbú voru þau fjögur og þar af tveir snældusnúðar (Hansen o.fl. 2014:118).

Á mörgum bæjum frá landnámsöld fundust engir gripir úr klébergi eins og í Klaufanesi í Svarfaðardal (Kristján Eldjárn 1943) og á Granastöðum á Eyjafjarðardal (Bjarni F. Einarsson 1995). Báðir þessir bæir eru varla í meðallagi stórir.


Perlunum fjölgaði sumarið 2020 og eru nú orðnar 150 talsins.¹

Um gripaflokka og fjölda einstakra gripategunda má sjá á töflu 1 og 2. Í töflu 1 má sjá dreifingu gripanna og í töflu 2 má sjá fjölgun gripaflokka hvert eitt ár. Í fyrri skýrslum hefur verið fjallað um einstaka gripaflokka og það ekki endurtekið hér.

Með þessari skýrslu fylgir greining á jaspisum, glerhöllum, kvartsiti, tinnu o.fl. steinum frá árunum 2016–17 (fylgirit 4). Niðurstaðan var í líkingu við síðari niðurstöður, þó með þeirri undantekningu að minnstu flögurnar og kjarnarnir voru ekki með í fyrstunni þar sem öðruvísi uppgraftaraðferðir voru notaðar og reynsla starfsmanna af slíkum gripum lítil. Þó var hægt að sjá að helsta markmið ásláttursins var að framleiða flögur til að nota beint eða með því að halda áfram með úrvinnsluna á þeim til að auka hæfni þeirra eða ná fram ákveðnum eiginleikum til sérstakra verkefna svo sem eldsláttu eða skurð. Steinarnir voru slegnir með járnhamri eða steinum.



Mynd 28. Silfurhringur úr aðalrýminu í yngri skálanum í Stöð. (Fnr. 2020-200. Ljósm. BFE).



Mynd 29. Hnappur úr blýi sem fannst nálægt viðbótarveggnum við suðurvegginn. (Fnr. 2020-37. Ljósm. BFE).



Mynd 30. Tvær perlur sem fundust í suðurseti yngri skálan. Stærri perlan (Fnr. 2020-322) er í tveimur brotum, en minna brotið úr perlunni fannst fjóra m vestur af þessum brotum (Fnr. 2020-19. Ljósm. BFE).

Sýni

Viðarkolasýni (sjá fylgirit 1)

Í Stöð hafa fram að þessu verið tekin 46 viðarkolasýni og af þeim hafa 37 verið greind til tegunda. Aðeins eitt sýni var ekki hægt að greina til

¹ Þann 21. ágúst síðastliðinn, þegar tekin voru DNA sýni við skálana og í Prh.3, fundust enn glerperla og flatir steinar með gati sem eru trúlega perlur. Einnig fannst meint tónn. Þessir gripir eru í geymslu og verða færðir inn í fundaskrá næsta sumar.

tegundar. Af þessum sýnum hafa svo 11 verið send áfram í C-14 aldursgreiningu.

Í aðeins þremur sýnum fundust kol úr barrviði en í tveimur þeirra fundust einnig kol úr birki og/eða víði. Ekkert þessara sýna sem höfðu barrtré í sér fundust í Húsi 2, yngri skálanum. Eitt barrsýnanna var tekið í prufuskurði árið 2015 og var úr gólfi Húss 3, annað úr Prh. 2b og það þriðja undir vegg Húss 3. Öll sýnin úr Húsi 2 voru því úr íslenskum við og þar var birki eða birki/víðir lang algengast. Tvö sýni voru úr víði, eitt var úr eini og eitt úr lyngi.

Af þessu má draga þá ályktun að rekaviður hafi líklega alls ekki verið notaður sem eldiviður, enda er rekaviður ekki talinn góður sem slíkur vegna þess hve mikið salt er í honum. Þá vaknar spurningin um hvað viðarkolin úr bartjánnum, sem tengjast helst eldri skálanum, merki. Hugsanlegt svar við því er að það sé viður sem fólk hafði með sér yfir hafið, en ekki rekaviður. Síðan hafi timbrið lent í eldinum. Hugsanlega gæti DNA greining svarað þeirri spurningu að því gefnu að eitthvað sé eftir af DNA í sýnunum til að greina. Er það mjög ólíklegt.

C-14 greining (sjá fylgirit 2).

Þrjú viðarkolasýni voru send utan til aldursgreiningar þetta ár. Öll voru þau úr birki/víði. Eitt sýni var úr langeld Húss 2 og tvö voru tekin úr gólfi Húss 2 eða 3.

Sýni 68 var tekið úr langeldi Húss 2, yngri skálans. Úr sýninu var tekinn viðarkolamoli úr birki/víði með eiginaldur upp á 12-14 ár, nr. 68:1. Var niðurstaðan 1190 ± 30 BP (Before Present). Samkvæmt 1 zigma staðfráviki (95,4% líkur) eru 89,1% líkur á því að sýnið sé frá 767–897 e. Kr. 3,4% líkur eru á því að sýnið sé frá 925–944 e. Kr. og 2,8% líkur eru á því að það sé frá 722–740 e. Kr. Við vitum að í vegg hússins fannst landnámsgjóskan frá 871 ± 2 og því bendir niðurstaðan til þess að húsið sé byggt einhverntímann á árabílinu 871–897 e. Kr.



Mynd 31. Blýmoli sem fannst rétt SV af langeldi. Trúlega met. (Fnr. 2020-82. Ljós. BFE).



Mynd 32. Tvö met úr blýi. Fundust rétt austan við dyrnar inni í yngri skálanum. (Fnr. 2020-148. Ljós. BFE).



Mynd 33. Einn af litlu snældusnúðunum frá Stöð. Þessi fannst í miðju austasta rýminu. Hann er 7,3 g og 2,7 sm þar sem hann er breiðastur. A-gerð. (Fnr. 2020-52. Ljós. BFE).



Mynd 34. Borsnúðurinn úr yngri skálanum. Hann er 258,9 g að þyngd og þvermál hans er 6,1–7,2 sm. Hæð hans er mest 3,9 sm. (Fnr. 2019-395. Ljósm. BFE).



Mynd 35. Mynd af því hvernig borsnúður var notaður á bor, svokallaðan pumpubor. (eng. *pump drill*. www.lowtechmagazine.com).

Sýni 71 var tekið úr gólflagi undir viðbótarvegg Húss 2. Úr því voru teknir tveir viðarkolamolar úr birki/víði og sendir í C-14 greiningu (sýni 71:1 og 71:2).

Um tíma hefur gólfið verið hluti af yngri skálanum sem lá beint ofan á gólfi eldri skálans og sýnin voru tekin úr öllu gólfinu. Úr aðalsýninu voru teknir tveir viðarkolamolar sem sendir voru áfram í C-14 greiningu. Því er ekki hægt að segja með vissu hvoru gólfinu sýnin tilheyrir.

Sýni 71:1 er 1090±30 BP. Með 1 sigma staðalfrávikum er það með 61.6% öryggi frá tímabilinu 935–1014 e. Kr. Með 33,8% öryggi er það frá 893–934 e. Kr. Líklega hefur sýnið verið tekið úr gólfi Húss 2, yngri skálans.

Sýni 71:2 er 1160 BP. Með sömu staðalfrávikum er það með 71.7% öryggi frá 774–905 e. Kr. Með 23,7% öryggi er það frá 915–968 e. Kr. Sennilegast er að einnig þetta sýni sé úr yngra gólfinu.

Nú hafa 11 C-14 greiningar verið gerðar í Stöð. 10 eru úr skálanum tveim og eitt úr Prh. 2a. Hér fylgir tafla með öllum C-14 niðurstöðum sem reiknaðar hafa verið með OxCal og leiðréttar samkvæmt IntCal20 leiðréttingarkúrfunni. (Sjá einnig leiðréttingakúrfur í fylgiriti 2). Kalle Thorsberg sá um vinnsluna. Frekari úrvinnsla bíður síns tíma.

HÚS 3 – Eldri skálinn

Beta 473866 - Stöð 2017-13	1130 ± 30 BP	Hús 3
Beta 473864 - Stöð 2017-6	1140 ± 40 BP	Hús 3
Beta 426851 - Stöð 2015-1	1170 ± 30 BP	Hús 3

Beta 473866 Hús 3 (1130±30)
 68.3% probability
 888AD (12.0%) 902AD
 914AD (56.3%) 976AD
 95.4% probability
 774AD (3.0%) 786AD
 831AD (3.5%) 851AD
 874AD (88.9%) 994AD

Beta 473864 Hús 3 (1140±40)

68.3% probability
778AD (2.9%) 784AD
879AD (65.3%) 979AD
95.4% probability
772AD (6.3%) 791AD
804AD (0.4%) 808AD
820AD (88.8%) 994AD

Beta 426851 Hús 3 (1170±30)

68.3% probability
776AD (9.7%) 788AD
825AD (49.0%) 894AD
928AD (9.6%) 945AD
95.4% probability
772AD (73.9%) 900AD
916AD (21.6%) 974AD

HÚS 2-3

Beta 571188 - Stöð 2020-71:2	1160 ± 30 BP	Hús 2-3
Beta 509610 - Stöð 2018-26	1170 ± 30 BP	Hús 2-3
Beta 451446 - Stöð 2016-6:b	1180 ± 30 BP	Hús 2-3
Beta 571187 - Stöð 2020-71:1	1190 ± 30 BP	Hús 2-3
Beta 509609 - Stöð 2018-25	1250 ± 30 BP	Hús 2-3

Beta 571188 Hús 2-3 (1160±30)

68.3% probability
776AD (7.8%) 787AD
828AD (18.3%) 860AD
868AD (20.0%) 898AD
920AD (22.2%) 955AD
95.4% probability
772AD (10.4%) 791AD
804AD (1.2%) 810AD
820AD (83.9%) 978AD

Beta 509610 Hús 2-3 (1170±30)

68.3% probability
776AD (9.7%) 788AD
825AD (49.0%) 894AD
928AD (9.6%) 945AD
95.4% probability
772AD (73.9%) 900AD
916AD (21.6%) 974AD

Beta 451446 Hús 2-3 (1180±30)

68.3% probability
775AD (12.1%) 790AD
820AD (56.2%) 891AD
95.4% probability
771AD (82.7%) 900AD
917AD (12.8%) 972AD

Beta 571187 Hús 2-3 (1190±30)

68.3% probability
776AD (11.4%) 791AD
804AD (1.6%) 807AD
820AD (55.3%) 886AD
95.4% probability
708AD (1.6%) 722AD
771AD (88.0%) 896AD
922AD (5.8%) 952AD

Beta 509609 Hús 2-3 (1250±30)

68.3% probability
684AD (47.0%) 744AD
789AD (21.2%) 823AD
95.4% probability
674AD (61.3%) 778AD


785AD (26.0%) 837AD
846AD (8.1%) 877AD

HÚS 2 – Yngri skálinn


Beta 509611 - Stöð 2020-30 1070 ± 30 BP Hús 2
Beta 571186 - Stöð 2020-68:1 1190 ± 30 BP Hús 2

Beta 509611 Hús 2 (1070±30)
68.3% probability
900AD (14.9%) 917AD
974AD (53.3%) 1022AD
95.4% probability
893AD (23.6%) 929AD
944AD (71.8%) 1026AD

Beta 571186 Hús 2 (1190±30)
68.3% probability
776AD (11.4%) 791AD
804AD (1.6%) 807AD
820AD (55.3%) 886AD
95.4% probability
708AD (1.6%) 722AD
771AD (88.0%) 896AD
922AD (5.8%) 952AD



Línurit yfir leiðréttingu á sýnunum sem tekin voru 2020. Ekki er hægt að skera úr um hvort tvö sýni eru úr húsi 2 eða 3. Þau geta verið frá fyrsta skeiði Húss 2 eða lokaskeiði Húss 3.



Línurit yfir allar leiðréttingar sem gerðar hafa verið á sýnum úr skálanum. Tvær greiningar skera sig úr, en það eru efsta greiningin og fjórða neðsta. Sú efsta er yngri en aðrar og hin er eldri. Varðandi þá eldri var varað við því af viðargreinanda að hún kynni að vera of gömul. Auk þessara greininga var eitt sýni greint úr Prh. 2a og niðurstaðan var 1090±30 ár BP. Mannvistarlagið í holunni hefur líklega tilheyrt yngri skálanum.



Mynd 36. Yfirlit yfir skálana síðasta dag rannsókna 2020 eftir duglegar rigningar. Gjóskusýnið var tekin hérnamegin við holuna sem grafin var inn í gafla húsanna að austan eða til vinstri á myndinni. (Horft mót V. Stafrænar myndir nr. 242. Ljós. BFE).



Mynd 37. Drónamynd af skálunum. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 241. Ljós. BFE).

Þegar niðurstöðurnar úr C-14 greiningunum eru skoðaða á þessu stigi þá er athyglisvert að bæði húsin (skálarnir) eru býsna gömul. Líklega eru niðurstöðurnar dæmigerðar fyrir 9. öldina, en sú öld er einkar erfið þegar kemur að leiðréttingum á niðurstöðum. Þegar niðurstöðum fjölgar verður hægt að reikna út frekari nálgun á aldri, en niðurstöðurnar gefa þó góð fyrirheit um að báðir skálarnir séu mjög gamlir og þá hlýtur sá eldri að vera mjög gamall.

Gjósbugreining (sjá fylgirit 3)

Eitt gjóskusýni (sýni 60) var greint og var það tekið austan við gafl eldri skálans. Var gjóskan grænleit og lá yfir mannvistarlagi. Grunur lék á því að það kynni að hafa verið landnámsgjóskan (871±2 e. Kr.), en svo reyndist ekki vera. Var gjóskan nær örugglega úr Grímsvötnum, líklega frá árinu 1035 eða 875 e. Kr. (sjá Fylgirit 3). Gjóskulag þetta lá undir öðru gjóskulagi sem greint var 2019 og var það einnig úr Grímsvötnum, en frá 1159 e. Kr. Ekki er hægt að skera úr um hvoru laginu gjóskan í sýni 60 tilheyrir. „Stratigrafískt“ bendir allt til þess að lagið sé frekar frá árinu 875 e. Kr.

Niðurlag og næstu skref

Síðastliðið sumar einkenndist helst af því hversu margir snældusnúðar fundust, en þeirra hafði ekki verið vart í neinum mæli áður og var því eftirtektarvert hversu margir þeir reyndust nú. Þeir sína að tóvinna hefur verið stunduð á bænum í talsverðum mæli. Snúðarnir voru einkum í tveimur stærðum hvað ummál varðar, en voru nokkuð misþungir. Þetta bendir til þess að bæði hefur hefðbundinn þráður verið spunninn svo og fínni þráður með minnstu snúðunum. Hafa slíkir smásnúðar ekki fundist hérlendis í sama mæli áður í skálum landnámsaldar.

